

Dómsmálaráðuneytið
Haukur Guðmundsson ráðuneytisstjóri
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2021

Efni: Lögmæti netverzlunar með áfengi og eyðingu óvissu í viðskiptum - ítrekun

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til erindis síns til ráðuneytisins 12. október sl. Þar var rifjað upp að félagið hefði áður spurt ráðuneytið þriggja spurninga (sbr. erindi félagsins dags. 9. og 25. ágúst og 5. október sl.):

- 1) Er netverzlun áfengisframleiðanda með staðfestu á Íslandi í samræmi við lög?
- 2) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í öðru EES-ríki, sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?
- 3) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. Bretlandi) sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?

Af svarbréfi ráðuneytisins dags. 8. október sl. mátti ráða að spurningu 1 væri svarað neitandi, með því að dómsmálaráðherra hefði talið þörf á lagabreytingu til að heimila innlenda netverzlun með áfengi.

Svar við hinum tveimur spurningunum fannst ekki í bréfinu. Þrátt fyrir ítrekun í bréfi FA 12. október hafa frekari svör ekki borizt. FA leyfir sér því að ítreka síðari tvær spurningarnar enn á ný, á grundvelli þeirra sjónarmiða sem sett voru fram í fyrri erindum, um mikilvægi fyrirsjáanleika og öryggis í viðskiptum.

Óvissan, sem þessi mál eru í, er einkar bagaleg fyrir félagsmenn FA, bæði þá sem hugsa sér til hreyfings á áfengismarkaðnum og þá sem hafa starfað þar um lengri tíma. Í því samhengi verður að ítreka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda þegar að því kemur að aðstoða borgarana við að átta sig á þeim almennu leikreglum sem gilda í samfélaginu. Þá verður að undirstrika að hér er *ekki* um það að ræða að verið sé að biðja ráðuneytið að leysa úr ágreiningi eða úrskurða um gildi laga gagnvart stjórnarskrá. Dæmi þess að stjórnvöld gefi út leiðbeiningar um gildi laga og hvernig borgararnir geti hagað sér innan ramma þeirra eru fjölmörg enda er slíkt í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti. Að láta stórar atvinnugreinar vaða í reyk og svælu í lagalegri óvissu án þess að vísa þeim leið er hins vegar dæmi um hið gagnstæða.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA